

**From:** [Mínar síður - Reykjavíkurborg](#)  
**To:** [USK Skipulag](#)  
**Subject:** Ný umsókn - Fyrirspurn eða umsókn til skipulagsfulltrúa  
**Date:** mánudagur, 13. nóvember 2023 14:23:24  
**Attachments:** [DM2302-SkA3lavst.9-HeqningarhA's br-A2.500.pdf](#)  
[Utfyllt umsokn - PDF.pdf](#)

---



# Fyrirspurn eða umsókn til skipulagsfulltrúa



## Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda: **Áslaug Traustadóttir**

Kennitala umsækjanda: [REDACTED]

Heimilisfang umsækjanda: **Landmótun sf, Hamraborg 12**

Póstnúmer umsækjanda: **200 Kópavogur**

Símanúmer umsækjanda: **5755302**

Netfang umsækjanda: [REDACTED]

Er um fjöleignarhús að ræða?: **Nei**

Veldu annað hvort: **Umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsækjandi er: **Í umboði eiganda**



## Greiðandi

Nafn greiðanda: **Minjavernd hf**

Kennitala greiðanda: **7004850139**

Netfang greiðanda: [REDACTED]



### Svæði og deiliskipulag

Heimilisfang / lóðaheiti: **Skólavörðustígur 9**

Umsækjandi: **Hefur kynnt sér gildandi deiliskipulag**



### Erindið

Erindið fjallar um: **Breytingu á deiliskipulagi**

Stutt lýsing á erindi: **NÝBYGGING. Til að auka nýtingu lóðarinnar að Skólavörðustíg 9 er ráðgert að reisa lága nýbygginu í fangelsisgarðinum sem ætluð er fyrir veitingastarfsemi. Lóð hegningarhússins er umkringd steinvegg sem myndaði hinn eiginleg fangelsisgarð og er veggurinn að mestu leyti hlaðinn úr grágrýti. Við upphaf framkvæmdanna var gerð athugun vegna fornleifa á lóðinni (í fangelsisgarði) en ekkert fannst. Liggur fyrir skýrsla þar um frá Fornleifastofnun Íslands.**

Hefur verið haft samband við veitufyrirtæki?: **Já**

Hvaða veitufyrirtæki?: **Veitur**



### Fylgigögn

Uppdrættir: **DM2302-Skólavst 9-Hegningarhús\_br-A2 500.pdf**

Bréf til umsækjanda/hönnuðar:

Greinagerð:

Umsögn Minjastofnunar Íslands:


Mæliblað:

Hæðarblað:


Loftmynd:

Önnur gögn:

BREYTING Á DEILISKIPLAGI REITS 1.171.4, SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 9, REYKJAVÍKURBORG



Gildandi deiliskiplag frá 2015 með skipulagsmörkum frá 2019, mkv. 1:500



Tillaga að breytingu á deiliskiplagi mkv. 1:500



Gildandi Aðalskiplag Reykjavíkur 2040

SKÝRINGAR

- Deiliskiplagsmörk
- Deiliskiplagsbreyting
- Nýb Byggingarreitur
- 1K Hæð/Kjallari
- F Nú þegar friðuð hús
- ◁ ○ ▷ Kvöð um gönguleið
- ▶ Mögulegt hlið á vegg
- Nb Núverandi bygging
- Nýb Nýbygging skv. b. 2015
- Lóðamörk skv LUK gögnum

ÚR GILDANDI GREINARGERÐ

Afmörkun svæðis  
Deiliskiplagsbreytingin nær til lóðar 9 við Skólavörðustígs á staðgreinireits 1.171.4. Reiturrinn afmarkast af Laugavegi, Vegamótastíg, Skólavörðustíg og Bergstaðastrætis. Gildandi deiliskiplag fyrir reitinn er dagsett 08.10.2002, skipulagi síðast breytt 15.05.2015, 29.11.2019 er mörkum skipulagssvæðis breytt til samræmis við ný mörk Laugavegar sem göngugötu.

Skólavörðustígur 9 (Hegningarhús) – gildandi skipulag.

Lýsing svæðis, núverandi ástand: Skólavörðustígur 9 (Hegningarhúsið) er steinleðsluhús sem byggt var 1873. Húsið var byggt sem hegningarhús, ráðhús bæjarins og dómhús. Líttar eða engar breytingar hafa verið gerðar á húsinu frá fyrstu tíð. Húsið var friðuð 1987. Innan tíkar mun Hegningarhúsið við Skólavörðustíg verða lagt niður sem langahús. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um framtíðarmotkun þess. Finna þarf þessu vírdulega húsi og umhverfi þess nýtt hlutverk í samræmi við staðsetningu að aðalverslunarsvæði í miðborg Reykjavíkur. Varðandi framtíðarmotkun hússins er horft til verslunar- og menningarstarfsemi af einhverju tagi í tengslum við ört vaxandi ferðamannaverslun við Skólavörðustíg.

Deiliskiplag: Skólavörðustígur 9 (Hegningarhúsið) nýtur verndar (F).

SKILMÁLAR					TILLAGA AÐ SKIPLAGI				
NÚVERANDI ÁSTAND									
Staðgr	heiti	Lóð m <sup>2</sup>	Bygg.m.	N.	Lóð m <sup>2</sup>	Bygg.m.	N.	Ath.	
1.171.4	Skólavörðustígur 9	1410	927	0,65	1410	927	0,65	Öbreytt	

BREYTING -GREINARGERÐ

Árið 2020 hófst vinna að viðgerðum og endurbótum á hegningarhúsinu á grunni úttektar Hjörleifs Stefánssonar arkitekts og Hjalta Sigmundssonar byggingtæknifræðings frá 2017. Verkið er unnið af Minjavemd skv. samkomulagi við Ríkiseignir. Innahússfyrirkomulag er óbreytt nema hvað bætt er við stíga sem nýmyringarleið milli 1. og 2. hæðar. Ekki liggur fyrir hvaða starfsemi verður í byggingunni en áætluð er blanda af verslun, handiðnaði, listasmíðjum eða álíka sem er í samræmi við gildandi deiliskiplag og markmið sett fram í Aðalskiplagi Reykjavíkur 2040. Skólavörðustígur 9 fellur undir svæði M1a, Miðborgarkjarni þar sem „Sérstök áhersla er á smásöluverslun auk veitingastarfsemi og afþreyingu“. Hegningarhús telst hér sem matshluti 1. Lóðin er hluti af uppbyggjngareitum miðborgar skv. skilgreiningu Aðalskiplags.

**SKIPLAGSMÖRK.** Lögð er til breyting á mörkum deiliskiplagsins í samræmi við hnitsett lóðamörk þar sem skipulagsmörk liggja meðfram lóð Skólavörðustígs 9 við Vegamótastíg.

**NÝBYGGING.** Til að auka nýtingu lóðarinnar er ráðgert að reisa lága nýbyggingu í fangelsisgarðinum sem ætluð er fyrir veitingastarfsemi. „Meginmarkmið og leiðarljós“ kafa II Sjálfbær lífvænleg og kolefnishlutlaus borg í Aðalskiplagi eru höfð til hliðsjónar. Lóð hegningarhússins er umkringd steinvegg sem myndaði hinn eiginleg fangelsisgarð og er veggurinn að mestu leyti hlaðinn úr grágrýti. Við upphaf framkvæmdanna var gerð athugun vegna forleifa á lóðinni (í fangelsisgarði) en ekkert fannst. Liggur fyrir skýrsla þar um frá Fornleifastofnun Íslands. Nýbygging telst hér sem matshluti 2.

Lóðina skal meðhöndla sem opið grænt svæði, vera opin almenningi, a.m.k. á almennum opnunartíma verslana og vera ætluð öllum, með áherslu á fjölskyldur og börn. Huga skal aðalglíðri hönnun lóðarinnar. Aðkomuleiðir lóðarinnar eru við báða enda hegningarhússins og eru þær jafnframt flóttaleiðir. Einnig er aðgengi þvert í gegnum húsið fyrir miðju. Helstu gönguleiðir á lóð skulu vera snjóbæddar.

Þjónustuaðkoma að veitingahúsinu er ráðgerð frá horni Bergstaðastrætis og skammtímaastæði fyrir vöruaðkomu á því horni. Aðkoma neyðarbíla er um þjónustuaðkomu en einnig möguleiki er á slíkri aðkomu frá Vegamótastíg þar sem við endurbyggingu hegningarhússins var gert aðkomuhlið í múrinn frá Vegamótastíg. Áætlað er að loka múrum aftur (endurgera hann) en deiliskiplagið heimilar þó að þar verði áfram hlið á múrunum.

Reiknað er með veitingahúsi í „Flokk II“ eins og skilgreint er í 17 gr. í Reglugerð um veitingastaði Nr. 1277, með opnunartíma til kl. 23:00 eða skemur. Að öðru leyti er vísað í lög og reglugerðir sem gilda um almennan veitingarekstur í miðborginni. Lagnaleiðir að nýbyggingu liggja fyrir ásamt staðsetningu á fituskilju vegna veitingastaðarins.

Byggingareitur nýbyggingarinnar er áætlaður 5 m breiður frá innri hlið steinveggjar á lóðamörkum eflir endilöngum norðurhluta lóðarinnar. Nýbygginguna skal byggja upp að steinveggnum þannig að steinveggurinn mynd bakhlíð byggingar, sjá snið á skýringaruppdráttum. Áætlaður grunnflötur nýbyggingarinnar er allt að 160 m<sup>2</sup> með möguleika á allt að 50 m<sup>2</sup> kjallara í vesturenda. Hönnun skal miða að því að nýbyggingin virki sjónrænt sem hluti af garðinum þ.e. yfirbyggður hluti lóðar. Bygging skal hafa sama þakhalla og hegningarhúsið og lagt sambærilegum þakflisum. Sjá skýringarmyndir.

Matshluti 1, hegningarhús, byggingarmagn 927 m<sup>3</sup>.

Matshluti 2, veitingaskáli, byggingarmagn 210 m<sup>3</sup>, þar af 50m<sup>3</sup> í kjallara.



SKILMÁLAR					TILLAGA AÐ SKIPLAGI				
NÚVERANDI ÁSTAND									
Staðgr	heiti	Lóð m <sup>2</sup>	Bygg.m.	N.	Lóð m <sup>2</sup>	Bygg.m.	N.	Ath.	
1.171.4	Skólavörðustígur 9	1347	927	0,69	1347	1137	0,64	Eykst	

SKILMÁLAR UPPFÆRDIR SAMKVÆMT ÍGILDI MÆLIBLAÐS

Í gildandi deiliskiplagi er lóð sögð 1410 m<sup>2</sup> en á útgefnum lóðuppdrætti (Ígildi mæliblaðs) frá Landuppýsingardeild Reykjavíkur frá 19.06.2017 er lóðastærð sögð 1347 m<sup>2</sup> og lóðamörk hnitsett.

SKILMÁLAR					TILLAGA AÐ SKIPLAGI				
NÚVERANDI ÁSTAND									
Staðgr	heiti	Lóð m <sup>2</sup>	Bygg.m.	N.	Lóð m <sup>2</sup>	Bygg.m.	N.	Ath.	
1.171.4	Skólavörðustígur 9	1410	927	0,65	1347	927	0,69		


Er stuðst við útgefn lóðuppdrátt í deiliskiplagsbreytingunni sem nú er lögð fram og reiknað með að lóð sé 1344 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall 0,69 fyrir breytingu.



Skýringarmyndir snið, mkv. 1:400



Skýringarmynd, grunnmynd mkv. 1:500



1:500

Deiliskiplagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_ og í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðnda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 9, HEGNINGARHÚS



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Suðurgötu 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Hjörleifur Stefánsson arkitekt  
Fjölnisvegi 12, 101 Reykjavík  
[hjorleifur@gullinsnid.is](mailto:hjorleifur@gullinsnid.is)

Reykjavík, 31. janúar 2024  
Tilvísun: 2282 / 6.06 / 202301-0173

### Skólavörðustígur 9, Hegningarhúsið, deiliskipulag


Í bréfi 2. janúar 2024 óskar Hjörleifur Stefánsson fyrir hönd Minjaverndar hf. og Fasteignafélagsins Stórðar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðar Hegningarhússins við Skólavörðustíg 9. Með bréfinu fylgdi uppdráttur Landmótunar að breyttu deiliskipulagi. Lagt er til að reist verði lág nýbygging í garðinum sem m.a. er ætluð fyrir veitingastarfsemi. Hegningarhúsið var friðað í B-flokki sbr. 27 gr. Þjóðminjalaga nr. 52/1969. Friðlýsingin tekur til ytra borðs ásamt álmum til beggja hliða og anddyris með stiga.


Í 9. gr. laga nr. 80/2012 er áskilið að húsafriðunarnefnd fjalli um breytingar á friðlýstum húsum. Erindið var tekið fyrir á fundi þann 18. janúar sl. Eftirfarandi var bókað: “Nefndin telur orka tvímælis að fastbinda þakhæð, þakhalla og þakefni í skilmálum deiliskipulags með þeim hætti sem gert er í tillögunni. Skoða þarf nánar áhrif forms og stærðar nýbyggingarinnar á nýtingu garðsins sem almenningsrýmis með tilliti til sólarljóss og einnig gagnvart nýtingu á hinu friðlýsta húsi.”

*Hugmynd að stærð og staðsetningu nýbyggingar í garði Hegningarhússins hefur áður verið kynnt Minjastofnun og hlaut hún jákvæð viðbrögð. Nýbyggingin er forsenda fyrir nýtingu og rekstri eignarinnar og með henni má komast hjá ýmsum breytingum á hinu friðlýsta húsi. Nýbyggingin snertir ekki hið friðlýsta hús og raskar ekki ásýnd þess. Minjastofnun gerir því ekki athugasemd tillögu Landmótunar að breytingu á deiliskipulagi lóðar Hegningarhússins við Skólavörðustíg 9.*

*Við framkvæmdir í eldri hverfum ber að huga sérstaklega að fornleifum í jörðu við allt jarðrask. Komi í ljós fornminjar undir yfirborði jarðar í tengslum við framkvæmdir skal stöðva verkið og skýra Minjastofnun frá fundinum svo fljótt sem unnt er, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.*

f.h. Minjastofnunar Íslands,

  
Dr. Rúnar Leifsson  
forstöðumaður

  
Pétur H. Ármannsson  
sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnarsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Aðrar stjórnvaldsákvarðanir teknar á grundvelli laga nr. 80/2012 eru kæranlegar til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun og fer málsmeðferð eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

---

# Fornleifarannsókn vegna framkvæmda við Hegningarhúsið við Skólavörðustíg: Greinargerð

---



MJÖLL SNÆSDÓTTIR

AÐRIR HÖFUNDAR EFNIS: HOWELLM. ROBERTS

---

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS  
REYKJAVÍK 2023  
FS962-20181

---



*Forsíðumynd: Hegningarbúsið. Horft yfir garðinn til suðurs. Ljósmynd: Howell M. Roberts.*

©Fornleifastofnun Íslands 2023  
Bræðraborgarstíg 9  
101 Reykjavík  
Sími: 551 1033  
Fax: 551 1047  
Netfang: [fsi@fornleif.is](mailto:fsi@fornleif.is)  
Vefsíða: [www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)



## Útdráttur

Nokkru eftir að hætt var að nota Hegningarhúsið við Skólavörðustíg 9 í Reykjavík sem fangelsi (2016) voru hafnar endurbætur á húsinu. Í tengslum við þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar voru í bakgarði voru gerðir fjórir könnunarskurðir til að kanna hvort einhverjar fornminjar leyndust þar undir sverði. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort merki væru um fornleifar í garði Hegningarhússins. Skurðirnir voru teknir af fornleifafræðingum Fornleifastofnunar Íslands með aðstoð lítillar gröfu. Teknar voru nokkrar ljósmyndir, sniðum lýst og skissur teiknaðar. Ekki komu fram merki um mannvirki í skurðunum, og ekki mannvistarlög að ráði. Þó mátti sjá móöskublönduð lög í þremur skurðanna og linsur af móösku og örlítinn kolasalla á tveimur stöðum. Eitt leirkersbrot fannst við rannsóknina, í skurði þrjú. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að ekki hefði staðið hús þar sem bakgarður Hegningarhússins er nú á fyrri öldum og eru móöskulög líklega frá húsum sem stóðu nærri á 19. öld.

## Summary

The purpose of the investigation at the back yard of Skólavörðustígur 9, was to check if any archaeological remains were to be found behind the old prison. Four trenches were dug, photographs taken, sections described and sketched. No indications of older buildings were seen, and not much in the way of cultural layers. A few thin lenses of peat ash and a few charcoal fragments were visible in two places and one piece of white ware was found in trench III suggesting that even if there were settlements close by it does not seem likely that any houses were in this particular area.

# Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Aðferðafræði.....	6
Gripir.....	6
Jarðvegssýni og fleyting.....	6
Framvinda rannsókna.....	7
Gripir.....	9
Niðurstöður.....	10
Heimildir.....	11
Viðaukar.....	1
Viðauki 1: Einingaskrá.....	1
Viðauki 2: Ljósmyndaskrá.....	2

## Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: 2020050098

Þjóðminjasafnsnúmer: 2020-17

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna: á ekki við

Stutt lýsing rannsóknar: Vegna framkvæmda við Hegningarhúsið í Reykjavík voru gerðir fjórir könnunarskurðir í bakgarði hússins til að kanna hvort þar væru mannvistarleifar undir yfirborði

Tegund rannsóknar: Framkvæmdarannsókn

Staðsetning: Skólavörðustígur 9, 101 Reykjavík

GPS hnit: A 357352 N 408066

Rannsóknartími: 25.05.2020-25.05.2020

Leyfishafi: Howell M. Roberts/Fornleifastofnun Íslands

Fjöldi starfsmanna: 2

## Inngangur

Á undanförunum misserum hefur verið unnið að endurbótum á Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg 9. Minjavernd sér um framkvæmdir en byggja þær á samkomulagi milli fyrirtækisins og Ríkiseigna frá 2017 og 2020.<sup>1</sup>

Í tengslum við þær framkvæmdir höfðu forsvarsmenn Minjaverndar samband við Fornleifastofnun Íslands og fóru fram á að stofnunin tæki að sér rannsóknir í bakgarði hússins til að kanna hvort einhverjar fornminjar leyndust þar undir sverði. Rannsóknin var gerð síðla í maí 2020. Mjöll Snæsdóttir og Howell M. Roberts unnu verkið fyrir hönd Fornleifastofnunar Íslands ses. Mjöll sá um skýrslugerð með aðstoð Elínar Óskar Hreiðarsdóttur og Stefán Ólafsson vann kort og sniðteikningar.

Þegar rannsóknin var gerð stóðu viðgerðir yfir á húsinu og miðaði fornleifarannsóknin að því að kanna hvort ummerki væru um eldri mannvist í garðinum bak við húsið, en þar var búist við einhverju raski við viðgerðirnar (sjá mynd 1)

Framkvæmdasvæðið er á landsvæði sem upprunalega tilheyrði bænum Arnarhóli en mörg smærri býli byggðust úr landi Arnarhóls á 18. og 19. öld. Það býli sem stóð næst Hegningarhúsinu voru Litlu- og Stóru-Bergsstaðir sem Bergsstaðastræti dregur nafn sitt af. Á þessum stað var fyrst byggður torfbær á tómhúslóð 1834 (síðar rifinn og steinhús byggt 1873) og var hann nefndur Bergsstaðir en þegar annað tómhús býli var byggt nokkru norðar var farið að nefna bæina Stóru- og Litlu Bergsstaði (og var eldri bærinn sunnar). Steinbærinn var rifinn og steinhús reist í staðinn 1896 og stóð það fram til 1966 en kindabúskapur var stundaður á jörðinni fram til 1944.<sup>2</sup> Litlu-Bergsstaðir voru þar sem bílageymsluhús er nú við Bergsstaðastræti en Stóru-Bergsstaðir stuttu eitt sunnar.<sup>3</sup> Fleiri hús risu á eftir Bergsstaðabæjunum á þessum slóðum. Þar sem nú er Skólavörðustígur 11, stóð hús Þorbjargar Sveinsdóttur og á lóðinni Grettisgata 3 stóð Háabær (nú í Árbæjarsafni). Vegamótabæirnir voru skammt undan. Engar heimildir eru þó um að hús hafi staðið á lóð Hegningarhússins áður en það var reist.

Í Reykjavíkurbók Jóns Helgasonar segir um húsið: „Árið 1872 var **hegningarhúsið** reist, en austur af því var steinhúskrýli [svo], er Jörgen Guðmundsson (tengdasonur Skafta í Miðbýli) hafði látið smíða, en seinna eignaðist Þorbjörg ljósmóðir Sveinsdóttir hús það. Kippkorn ofar við stíginn var **Litla Holt**, þar sem lengi bjó Þorlákur Pétursson (Skagfirðingur að ætt); en beint suður af því inni

<sup>1</sup> <https://www.minjavernd.is/is/verkefni/hegningarhus>

<sup>2</sup> Páll Línal. Reykjavík. Sögustaður við Sund. 1. bindi, bls. 83

<sup>3</sup> Páll V. Bjarnason o.fl. 2004; Oddgeir Isaksen 2011.

á túninu, fyrir sunnan götuna, var **Efra Holt**, þar sem í fyrstu bjó Jón Sigfússon tómithúsmaður, en frá 1868 Matthías snikkari Markússon (prests á Álftamýri Þórðarsonar stúdents) með konu sinni, annari aðalljósmóður bæjarins, Solveigu Pálsdóttur (prests Jónssonar “skálda”). Hafði Matthías lært iðn sína í Þýzkalandi og dvalið þar árum saman áður en hingað kom. Mun nafnið **Efra Holt** hafa verið miðað við Holt Magnúsar Pálssonar við suðurenda Ingólfsstrætis.”<sup>4</sup>

Hegningarhúsið, númer 9 við Skólavörðustíg, var reist árið 1872. Á neðri hæð þess voru 16 fangaklefar, en á efri hæð þess var dómssalur og fundarsalur. Um þetta hús segir Benedikt Gröndal í Eimreiðinni 1900: „Þá er stór og mikilfeng steinbygging, og ekki úr högnum steini, heldur hlaðin upp eins og af jötnum og grjótinu klest í kalkið, minnir það á hina kyklópísku múra og byggingar á Grikklandi.“

Í Sögnum kemur fram að byrjað var að reisa Hegningarhúsið 1872 og lokið 1873. Fyrstu föngunum var stungið þar inn 1875, það voru alls fjórir fangar settir inn það árið, þrír karlmenn og ein kona. Konan hafði fyrirfarið nýfæddu barni sínu, karlarnir allir settir inn fyrir þjófnað eða innbrot. Í



Mynd 1: Yfirlitsmynd yfir könnunarskurði og afmörkun framkvæðmsvæðis

<sup>4</sup> Jón Helgason 1937, 61

greininni kemur einnig fram að fangavörður og fjölskylda hans bjuggu í húsinu og upplýsingar eru um hvað fangarnir áttu að fá í matinn.<sup>5</sup>

Árið 2016 var sögu hússins sem fangelsis lokið og 2020 hófust viðgerðir á húsinu.

---

<sup>5</sup> Örn Hrafnkelsson: Hegningarhúsið við Skólavörðustíg, Sagnir, 14. árg. 1993. Bls. 86-94

## Aðferðafræði

Við rannsóknina var fylgt eftirfarandi aðferðafræði en þar sem afar lítil mannvist kom í ljós var gagnasöfnun takmörkuð.

Uppgröftur og skráning mannvistarlaganna fylgdi svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er m.a. í uppgraftrarhandbók Fornleifastofnunar Íslands.<sup>6</sup> Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d. jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa verið grafinn upp í þessari rannsókn. Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið þeim sem grefur kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaganna og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d. þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarkeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgraftrar í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við. Í þessari rannsókn voru einungis grafnir prufuskurðir. Þeir voru grafnir með vélgröfu undir eftirliti fornleifafræðings, og einungis stoppað þegar veglegar minjar komu í ljós, annars var grafið niður á forsöguleg jarðlög. Jarðlög í skurðunum voru skráð með sniðteikningum og ljósmyndum.

## Gripir

Gripir sem finnast við uppgröft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a. gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaganna eða hlutverk bygginga. eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraftrarsvæði, en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlagum gripir koma, eru einingánúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.<sup>7</sup>

## Jarðvegssýni og fleyting

Enging jarðvegssýni voru tekin í þessari rannsókn.

---

<sup>6</sup> Lucas, 2003.

<sup>7</sup> Lucas, 2003.


## Framvinda rannsókna

Markmið rannsóknar var að kanna hvort mannvistarleifar væri að finna undir sverði í garði Hegningarhússins. Teknir voru fjórir könnunarskurðir í húsagarðinn að baki (austan við) hegningarhúsið með lítilli gröfu, sniðum lýst og teiknaðar einfaldar rissmyndir af sniðum.

Þrjár skurðanna voru í stefnu hornrétt á hegningarhúsið, skurðirnir I, II og III. Skurður IV var grafinn fast við vegginn austan við garðinn. Skurðirnir voru um 4 m að lengd, skurður I var 4,5 m langur. Skurður II og III voru 4,2 m að lengd og skurður IV var sléttir 4 m.

### *Skurður I*

Skurður 1 var nyrstur skurðanna fjögurra. Hann var staðsettur um 9,8 m frá norðurvegg garðsins og 6,6 m frá austurhlið/bakhlið Hegningarhúss. Skurðurinn sneri hornrétt á stefnu hússins og var 4,5 m að lengd. Enga mannvist var að var að finna í snið (sjá nánari lýsingu á lögum í viðhengi 1).




*Mynd 2: Sniðteikning, skurður I*

### *Skurður II*

Skurður II var 10,60 m sunnar en skurður I og 6,30 m frá bakhlið Hegningarhússins. Hann sneri eins og skurður I, og var 4,20 m að lengd. Í skurðinum var þykkt sandlag efst [22] en á 45-57 m dýpi var móöskublandað lag [24], sem sást aðeins í öðrum hluta skurðar og var um 1,35 m á lengd. Ekki sást mannvist ofan eða neðan við lagið. Grafið var niður á klöpp sem var á 95 cm dýpi frá yfirborði í austurenda skurðar (fjær húsinu), en ca 60 cm dýpi í vesturenda skurðar (nær húsinu) (sjá nánar viðhengi 1).



### Skurður II




Mynd 3: Sníðteikning, skurður II

### Skurður III

Skurður III var 14,80 m sunnar en skurður II og var 5,8 m frá austurhlið Hegningarhússins. Hann var 4,2 m á lengd. Í skurði III, líkt og í skurði II var þykkt (um 30 cm) sandlag efst [31]. Neðan við það var móöskulitað lag [32] frá um 30 cm dýpi og niður á um 55 cm dýpi. Í laginu voru stöku móöskulinsur en annars var það blandað. Í umræddu lagi (lagi nr. 2) fannst eini gripur rannsóknarinnar, glerjað leirkerabrot. Neðan við það var gráleit gjóska (sem ekki var greind), [33], en neðan gjóskunnar var leirkennt lag [34] niður á klöpp sem var á 70-80 cm dýpti (sjá nánar viðhengi 1)

### Skurður III




Mynd 4: Sníðteikning, skurður III

### Skurður IV

Skurður IV var grafinn fast upp við steinhlaðna girðingu austanvert við garðinn, og var suðurendi skurðarins 10,30 m frá SA-horni húsagarðsins. Sá skurður var 4 m að lengd. Í honum var nýleg sandlinsa efst (30 cm), [41], og þar fyrir neðan blandað malarlag [42] áður en komið var niður á lag sem var blandað móösku [44] en það lag hafði verið skorið, [43], þegar steinveggur hússins var hlaðinn. Neðan við móöskublandaða lagið var grábrúnt lag sem í var óþekkt gjóska (ekki greind) uns komið var niður á klöpp á um 80 cm dýpi (sjá nánar viðhengi 1)

### Skurður IV




Mynd 5: Snidteikning, skurður IV

### Gripir

Aðeins fannst einn gripur við rannsóknina, leirkersbrot. Brotið fannst í skurði III og var brot úr hvítum jarðleir, glerjuðum. Líklegast er að brotið sé úr disk og sennileg tímasetning þess má teljast frá síðari hluti 19. aldar eða fyrstu áratugir hinnar 20. Gripnum var fargað að rannsókn lokinni.

## Niðurstöður

Rannsókn á baklöd Hegningarhússins bendir til að þar hafi ekki staðið mannvirki áður en Hegningarhúsið var reist. Móöskublandaður jarðvegur sást þó á nokkrum stöðum í skurðunum og má telja hann til marks um að mannabyggð hafi verið þar nærri. Þetta er í takt við það sem vitað er um svæðið, þar nærri var fyrst byggður torfbær (tómhúsið Bergstaðir – síðar bæði Stóru og Litlu Bergstaðir) snemma á 19. öld og síðar byggðust upp steinbæirnir „Tobbukot“ (byggt 1858), Skólavörðustígur 11 (og Hábær byggt 1867, Grettisgata 2) stóðu t.d. skammt suðaustar. Þá hafa Vegamótabæirnir ekki verið langt undan. Um tíma stóð einnig veitingahúsið Geysir hinum megin



Mynd 2: Teikning Klentz byggingameistara af Hegningarhúsinu, varðveitt á Þjóðskjalasafn Íslands  
[https://mannal.is/myndir/geymsluskrar\\_stafraen\\_afrit/Teikninga\\_og\\_kortasafn\\_THjodskjalasafns\\_Islands/IS\\_THI\\_0043\\_1000\\_001\\_AA\\_0154\\_01\\_001/\\_1000\\_001\\_AA\\_0154\\_01\\_003.jpg](https://mannal.is/myndir/geymsluskrar_stafraen_afrit/Teikninga_og_kortasafn_THjodskjalasafns_Islands/IS_THI_0043_1000_001_AA_0154_01_001/_1000_001_AA_0154_01_003.jpg)

við Skólavörðustíginn. Hugsanlegt er að móöskublönduð sem sáust í skurðum II-IV lög gætu tengst umræddum húsum í nágrenninu en einnig er mögulegt að umrædd lög séu einfaldlega komin frá Hegningarhúsinu sjálfu, en þar hefur auðvitað verið kynt. Móöskulagið í skurði IV var þó það var skorið grunninum fyrir húsið, sem sýnir að það þegar verið á svæðinu þegar húsið var byggt.

Gjóska sú er slitur sáust úr í sniði í skurði IV var ekki greind. Allar líkur eru á því að þetta sé gjóskulag úr Kötlu, sem gjarnan er kallað Katla ~1500. Það lag finnst víða í Reykjavík og var það nokkuð undir þeim lögum sem blönduð voru móösku og staðfestir aðeins að umrædd löng séu mikið yngri en frá 16. öld.

## Heimildir

Benedikt Gröndal, „Reykjavík um aldamótin 1900“, *Eimreiðin*, 6.árgangur 1900, 1.-2.tölublað). bls 57-124.

Guðjón Friðriksson. 1991. *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870–1940. Fyrri og síðari hluti*. Reykjavík.

Jón Helgason. 1937. *Reykjavík. Þættir og myndir úr sögu bæjarins 1786-1936*. Ísafoldarprentsmiðja. Reykjavík.

Klemens Jónsson. 1929. *Saga Reykjavíkur, 1.-2. bindi*. Steindór Gunnarsson, Reykjavík.

Lucas, Gavin (2003). *Archaeological field manual*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

*Minjavernd*, vefsíða: <https://www.minjavernd.is/is/verkefni/hegningarhus>

Páll Líndal. 1986-1991. *Reykjavík. Sögustaður við Sund, 1.-4 bindi*. Örn og Örlygur, Reykjavík.

Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir. 2004. *Húsakönnun. Bergstaðastræti-Bjargarstígur-Grundarstígur-Óðinsgata- Spítalastígur*. Skýrsla Minjasafns Reykjavíkur nr. 110

Oddgeir Isaksen. 2011. *Minjar undir malbiki. Fornleifaskráning í þéttbýli*. Meistaraprófsritgerð. Háskóli Íslands. <http://hdl.handle.net/1946/7375>

Örn Hrafnkelsson: „Hegningarhúsið við Skólavörðustíg.“ *Sagnir*, 14. ár. 1993. bls. 86-94.

Þjóðskjalasafn Íslands: Teikning Klentz byggingameistara af Hegningarhúsinu. Sjá: [https://manntal.is/myndir/geymsluskrar\\_stafraen\\_afrit/Teikninga\\_\\_og\\_kortasafn\\_THjodskjalasafns\\_Islands/IS\\_THI\\_0043\\_1000\\_001\\_A\\_A\\_0154\\_01\\_001/\\_1000\\_001\\_A\\_A\\_0154\\_01\\_003.jpg](https://manntal.is/myndir/geymsluskrar_stafraen_afrit/Teikninga__og_kortasafn_THjodskjalasafns_Islands/IS_THI_0043_1000_001_A_A_0154_01_001/_1000_001_A_A_0154_01_003.jpg)

## Viðaukar

### Viðauki 1: Einingaskrá

Rannsóknarnúmer	Þjms nr	Eininganr.	Skurðarnr.	Lýsing	Dagsetning	ID
2020050098	2020-17	11	I	Grasrót, ca 5 cm.	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	12	I	Lagnaskurður fylltur mól, líklega vatnslögn.	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	13	I	Hreyfð gróðurmold, ca 20 cm.	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	14	I	Hreyft lag, grjót, mold, mól, nokkuð mikið af steinum, 30 cm þykkt.	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	15	I	Stórir steinar í appelsínugulu/brúnu malarkenndu lagi, líklega ísaldarmól.	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	21	II	Grasrót.	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	22	II	Sandlag, líklega nýlega til komið, 30 cm.	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	23	II	Grábrúnt leirkennt lag með nokkrum smásteinum, 15-18 cm	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	24	II	Móöskublönduð mold, 12 cm að þykkt. Þetta lag sást aðeins í annarri hlið skurðar.	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	25	II	Smásteinar, 5-15 cm, 20 cm þykkt.	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	26	II	Appelsínugult, frekar leirkennt lag, í því smásteina/mól, 15 cm þykkt.	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	31	III	Sandlag, greinilega nýlega lagt, 30 cm að þykkt.	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	32	III	Móöskulitað lag. Brúnt/dökkappelsínugult blandað lag, 25 cm. Linsur af móösku í þessu lagi, einkum ofantil	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	33	III	Gráleitt yfirborðslag m óþekktri gjósku, alls 10 cm.	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	34	III	Appelsínugult leirkennt lag, 25 cm.	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	41	IV	Sandlag, greinilega nýlega tilkomið , 30 cm að þykkt.	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	42	IV	Ljósgrábrúnt malarblandað lag með litlum steinum, 10-12 cm að þykkt.	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	43	IV	Skurður fyrir steinvegginn umhverfis húsagarðinn,grafinn niður á klöppina.	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	44	IV	Móaska, 3 cm þykk (sést í vesturhlið á skurðinum).	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	45	IV	Grábrúnt lag með óþekktri gjósku og dökkgráum grófkorna linsum en ekki samhangandi	25.05.2020	MS/HMR

Viðauki 2: Ljósmyndaskrá

Rannsóknarnúmer	Þjóðminjasafnsnúmer	Myndanúmer	Lýsing	Dagsetning	ID
2020050098	2020-17	IMG 0007	Tröppur við bakhlið Hegningarhússins. Frá NV	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	IMG 0008	Skurður I, frá SV	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	IMG 0009	Skurður I, SV-endi, frá S	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	IMG 0010	Skurður I, NA-endi, frá SV	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	IMG 0011	Skurður II, NA-endi, frá SV	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	IMG 0012	Skurður II, NA-endi, frá SV	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	IMG 0013	Skurður IV, NA-endi, frá SV.	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	IMG 0014	Skurður IV, NA-endi, frá SV	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	IMG 0015	Skurður II, austurhlið, frá V	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	IMG 0016	Skurður I, frá SV.	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	IMG 0017	yfirlitsmynd. MS skráir lýsingu á sniði. Tekið úr vestri.	25.05.2020	HMR
2020050098	2020-17	IMG 0018	Skurður II, frá SV	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	IMG 0019	Skurður III. Frá SV.	25.05.2020	MS/HMR
2020050098	2020-17	IMG 0020	skurður IV. Frá V.	25.05.2020	MS/HMR